

1870.
30. júní. er frá því í athugasemdunum við reikningsyfirlitið fyrir fjárhagsárið 1868—69, að útgjöld við póstferðir á Íslandi á þessu fjárhagsári hafi verið 103 rd. 80 sk. meiri en tekjurnar, samkvæmt reikningi landfógeta.

30. júní. **57. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi til að mega veita nafngreindum stúdenti brauð.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 27. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldin á Íslandi megi fá vald til að veita stúdenti Jóni Jónssyni úr Húnavatnssýslu eitthvert af þeim lökustu brauðum, sem nú eru laus á Íslandi, án þess að honum verði gefið fyrirheit um að fá betra brauð.

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til þess þér kunngjörði það og gjörði þær ráðstafanir, sem með þarf.

30. júní. **58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun handa málafærslumönnum við landsyfirréttinn.**

Í bræfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að það tímabil, sem tiltekið var í bræfi dómsmálastjórnarinnar 9. febrúar 1866¹ að borga mætti hinum settu málafærslumönnum við landsyfirréttinn á Íslandi, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsteð, laun þeirra, 250 rd. á ári handa hvorum um sig, úr dómsmálasjóði Íslands, væri á enda 31. desemberm. f. á., og hafið þér lagt það til, að greiða megi þessi laun eptirleiðis sem áður úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. til 30. júním. þ. á., en að

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 300.

1870.
30. júní.

Þá verði hlutast til um, vegna þess að sjóðurinn missir þá mjög mikið af tekjum sínum, þegar sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, sem koma í gildi 1. ágústm. þ. á., renna ekki framár í sjóðinn, og vegna þess, að ætlast er til, samkvæmt frumvarpi til tilskipunar um byggingu hegningahúss og fangelsa á Íslandi, er lagt var fyrir alþing í fyrra, að hinn sami sjóður beri kostnað til að byggja hegningarhúsið: að launin handa málafærslumönnum verði þaðan af borguð á annan hátt, sökum þess, að eigi verður áð launanna verið eða þau lækkuð, ef menn vilja vera vissir um að tveir málafærslumenn verði fastir við landsyfirréttinn, svo sem álíta má mjög áriðanda. Í sambandi við þetta hafið þér að endingu skýrt frá, að þér í von um samþykki stjórnarráðsins ætlið framvegis að láta borga laun þessi úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. þ. á. og þangað til dómsmálastjórnin leggur úrskurð sinn á málið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið leyfir, að laun þessi verði borguð þeim fyrnefndu tveimur málafærslumönnum úr dómsmálasjóðnum þar til 31. júlím. þ. á., og að þar á eftir, frá 1. ágústm. og svo fyrst um sinn, megi borga hvorum þeirra úr tæðum sjóði 16 rd. 64 sk. á mánuði. Þar að auki eruð þér beðinn að bera fram uppástungu yðar um, hvernig mætti borga nefndum tveimur málafærslumönnum laun þeirra á annan hátt, en að þau sè tekin af dómsmálasjóðnum, svo stjórnarráðið geti leitað álits næsta alþingis um málið.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verzlun á Geirseyri í Patreksfirði.

4. júlí.

Með bréfi, dagsettu 9. marzm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem bóndinn Markús Snæbjarnarson — ábúandi og eigandi jarðarinnar Geirseyrar, er liggur næst verzlunarstaðnum Patreksfirði (Vatneyri) í Barðastrandarsýslu, og þar sem einusinni,